

Dagskrá og tillögur til ársfundar Eftirlaunasjóðs FÍA 2025

Ársfundur EFÍA verður haldinn miðvikudaginn 28. maí 2025 kl. 13.00 að Hlíðarsmára 8 í Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
6. Stjórnarkjör
7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna
8. Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
9. Val endurskoðanda
10. Önnur mál

Tillögur sem liggja fyrir fundinum:

2. dagskrárliður - Ársreikningur

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 28. maí 2025 að ársreikningur fyrir árið 2024 verði samþykktur.

5. dagskrárliður - Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Ekki liggja fyrir neinar tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

6. dagskrárliður – Stjórnarkjör

Framboðsfresti lauk með því að sitjandi stjórnarmenn og sitjandi varamaður buðu sig fram. Engin önnur framboð bárust. Því er sjálfkjörið í stjórn EFÍA.

Sjálfkjörnir í stjórn EFÍA sem aðalmenn eru:

- Kjartan Jónsson
- Sturla Ómarsson

Sjálfkjörinn í stjórn EFÍA sem varamaður er:

- Davíð Smári Jóhannesson

7. dagskrárliður – Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Í stjórn EFÍA eiga sæti tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Ícelandair tilnefnir til eins árs. Stjórnarmenn tilnefndir af Ícelandair 2025:

Aðalmenn tilnefndir til eins árs:

- Magnús Jón Magnússon
- Sigrún Hjartardóttir

Laun stjórnarmanna:

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 28. maí 2025 að stjórnar- og nefndarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Tillaga um þóknun stjórnarmanna og fyrir setu í endurskoðunarnefnd:

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

- Formaður 408.385 kr.
- Varaformaður 306.289 kr.
- Stjórnarmaður 204.190 kr.
- Varamenn, ef þeir taka sæti 204.190 kr.
- Varamenn (fyrir hvern fund) 65.342 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

- Stjórnarmaður 65.342 kr.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér að þóknun hækkar um 6% frá fyrra starfsári. Venju samkvæmt er vegna þeirrar hækkunar litið til til tveggja atriða, annars vegar meðaltal hækkunar félaga sem eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands, en sú hækkun nemur 5,15%. Hins vegar er litið til hækkunar á launavísitölu sem hefur hækkað um 6,9% á tímabilinu.

8. dagskrárliður – Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Vegna breytingu á lögum liggur fyrir að ef það á að skipa einstaklinga í endurskoðunarnefnd sem eru ekki stjórnarmenn, þá skulu þeir tilnefndir í endurskoðunarnefnd af ársfundi lífeyrissjóðs.

Stjórn sjóðsins gerir það að tillögu sinni að:

- Sigríður Einarsdóttir, og
- Guðlaugur Sigurðsson

verði tilnefnd í endurskoðunarnefnd.

9. dagskrárliður – Val endurskoðanda

Stjórn EFÍA leggur til við ársfund þann 28. maí 2025 að Davíð Arnar Einarsson, einn eiganda Grant Thornton endurskodun ehf., verði endurskoðandi sjóðsins.